

70. Stjórnarfundur Fenúr.

17. janúar 2005

Mætt:

Elías Ólafsson

Guðmundur Tr. Ólafsson

Ragna Halldórsdóttir

Úlfar Haraldsson

Staður og stund; Súðarvogur, kl. 15:00.

1. Fundargerð númer 69 samþykkt.

2. Umhverfisráðherra.

Elías hefur athugað með fund með ráðherra, en hægt er að panta viðtal með nokkra daga fyrirvara. Elías falið að panta tíma og senda út boð ásamt efnisskrá. Hugmyndin er að kynna Fenúr og koma félaginu á framfæri. Athuga með stuðning við ferðir á aðalfund ISWA og kynna Fenúr merkin.

3. Fræðsluferð Fenúr.

Ákveðið að gera lista yfir áhugaverð atriði sem hægt væri að skoða í slíkri ferð. Önnur atriði sem þarf að taka afstöðu til er tímasetning, lengd ferðar og stærð hóps. Guðmundur mun gera tvær tillögur að ferðafyrirkommulagi fyrir næsta fund.

4. RVF Sorpsugukerfi

Eins dags ráðstefna um sopsugukerfi 13. og 14. apríl í Stokkhólmi. Björn Halldórsson fer á ráðstefnuna ásamt fleirum.

5. Önnur mál

Hreinsunarstarf á flóðasvæðum í Asíu, Ragna mun senda félagsmönnum fyrirspurn frá ISWA þar sem óskað er eftir fagfólki.

Guðmundur kynnti verkefni sem er í undirbúningi og gengur út á að meta soun.

Næsti fundur ákvæðin ákveðinn 17. febrúar kl. 15:00

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:10.